

1862. hefir meðtekið álitsskjal skólanefndarinnar, það er beðið var
 27. októberm. um í bréfi hëðan 22. maím., viðvíkjandi því, er bæjarstjórnin í Reykjavík hafði stungið upp á, að stytur yrði kennslutíminn í barnaskóla þeim, sem nú er búið að stofna í kaupstað þessum, þá hefir stjórnarráðinu virzt, að taka ætti til greina uppástungu bæjarstjórnarinnar í þessu efni, og hefir það í dag gefið út samkvæmt tilskipun 11. desemberm. 1860 reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík og instrúx fyrir kennarana við skóla þenna.

Um leið og yður með bréfi þessu eru send skjöl þau, er nú var getið, skal því við bætt, að kirkju- og kennslustjórninni hefir virzt réttast að fallast ekki á uppástungu bæjarstjórnarinnar um að sleppt skyldi úr 18. grein frumvarpsins ákvörðunum um undirkennarann; því gjöra má ráð fyrir, að nauðsyn verði á þegar fram líða stundir að skipa tvo fasta kennara við skólann, en á hinn bóginn fellst stjórnarráðið á, að fyrst um sinn sé að eins skipaður einn kennari, er fái þau laun, sem eptir 18. grein eru ætluð yfirkennaranum; þess skal og getið, að það er vitaskuld, að skólastjórnin, hvenær sem er, getur tekið tímakennara eptir þörfum skólans fyrir borgun þá, sem um verður samið.

27. októberm. **68. Reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík.**

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu, og um útskrift þeirra úr skólanum.

1. gr. Það er ætlunarverk skólans að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðisgóða menn og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfélaginu.

2. gr. Í barnaskólann má veita viðtöku sérhverju barni í Reykjavíkurkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áætluninni um, hvað kennt skal í skólanum. Svo má og taka í skólaun börn, sem eiga heima annarstaðar en í kaupstaðnum, með því skilyrði, er nú var getið, að svo miklu leyti sem rúm er til þess.

1862.

3. gr. Sèu börn þau, er ganga í skólann, fleiri en 50, skal þeim skipt í tvo eður fleiri bekk; svo má og skólastjórnin, 27. októberm. eptir uppástungu skólanefndarinnar, leyfa, að bekkjunum sè skipt í minni deildir, og einkum að efsta bekk sè skipt í tvær deildir, aðra handa drengjum og hina handa stúlkum, ef slíkt yrði álitid hentugt fyrir kennsluna.

4. gr. Sá tími, þá er börn almennt eiga að koma í skólann, skal vera 1. dagur októbermánaðar; þó mega börn og koma í skólann um nýár, og má skólanefndin þar að auki leyfa, að tekið sè við þeim á öðrum tímum, þegar einhver sérstakleg atvik eru fyrir hendi, t. a. m. vegna flutninga eður veikinda.

Þegar einhver óskar, að barn sè tekið í skólann, þá skal rita um það dómkirkjuprestinum, og ákveður hann daginn, þá er inntökuprófið skal haldið, en það skal almennt haldið um leið og ársprófin í skólanum.

5. gr. Foreldrar eður fjárhaldsmenn barna í Reykjavík skulu skyldir annaðhvort að láta börn sín ganga í skóla eður á annan hátt sjá fyrir, að þau fái þá kennslu í bóklestri og trúarbrögðum, sem skólanefndin álitur nóga. Nú sýna þeir mótþróa í þessu efni og hafa þó hvað eptir annað verið áminutir og upp hvattir, þá skal skólanefndin hafa vald til að leggja á þá fjársektir, eður á annan hátt sjá um, að börnin fái uppfræðing þá, sem þörf er á, en fjársektirnar skulu vera frá 4 sk. til 24 sk. eptir málavöxtum fyrir hvern dag, sem hirðuleysi er sýnt; skulu þær renna inn í skólasjóðinn, og má taka þær fjárnámi.

6. gr. Börnin skulu koma í skólann á ákveðnum tíma, þokkalega og sæmilega búin, og hafa með sér bækur og annað, sem þau þurfa á að halda í skólanum. Þegar foreldrar eður fjárhaldsmenn ekki hafa efni á að útvega börnunum bækur, spjöld og annað, það er þau þurfa á að halda í skólanum, þá skal kaupa þetta handa þeim á kostnað skólasjóðsins eptir ákvörðun skólanefndarinnar.

7. gr. Börn, er hafa næm útbrot, mega ekki koma í skólann fyrri en þau eru heil orðin; en ef þau koma þangað þá á skólakennarinn þegar í stað að láta þau fara heim aptur; hann er og skyldur að gefa skólanefndinni þetta til vitundar, en hún á að annast um, að slík börn verði læknuð.

1862.

27. októberm.

8. gr. Börn, er hafa haft einhverja næma sýki, mega eigi koma í skólann fyrri en 3 vikum eptir að þau eru heilbrigð orðin og sýkin er hætt í húsi því, sem þau búa í.

9. gr. Nú verður barni eitthvað á, þá skal skólakennarinn leitast við að bæta það með áminningum; en verði slíkar áminningar árangurslausar skal barninu refsað á þann hátt, sem fyrir er mælt í 21. grein í instrúxinu fyrir kennara skólaus. Þeim börnum, sem taka öðrum fram að góðri hegðan og iðni, má kennarinn veita hæfileg verðlaun, þeim til uppörfunar.

10. gr. Á hverjum degi skulu vera 5 kennslutímar í hverjum bekk, þó má skólanefndin með samþykki skólastjórnarinnar stytta kennslutímann, svo hann sé 4 tímar á dag frá því í miðjum nóvembermánudi og þangað til í miðjum janúarmánudi. Frá 1. marzm. til 14. maím. skal kennslan byrja á morgnana einni stundu fyrir dagmál, en frá 1. októberm. til 1. marzmánaðar á dagmálum; að öðru leyti skal kennslutímunum hagað á þann hátt, sem um það verður ákveðið í skólaáætluninni.

11. gr. Eigi skal kennt í skólanum í páskavíkunni, og eigi í desembermánudi eptir að lokið er ársprófinu í skólanum; svo skal og vera tveggja daga leyfi á undan prófi þessu, auk þess, sem prófin að öðru leyti hafa í för með sér, að kennslan verður að hætta um stund. Dómkirkjupresturinn má veita leyfi einn dag í senn eður hálfan dag, þegar sérstaklegar ástæður eru til þess; en leyfi frá einstökum tímum má hlutadeigandi kennari veita; þó ber dómkirkjuprestinum að gæta þess, að þetta sé ekki misbrúkað.

12. gr. Skólaárið skal talið frá 1. degi októberm. til 14. maím. Þó skulu foreldrar þeirra barna, sem þegar hafa fengið inntöku í skólann, eiga kost á að fá börnum sínum kennt í skólanum frá 1. ágústm. til 30. septemberm. næst á eptir, ef svo margir foreldrar koma sér saman um þetta, að börn þau, er nota kennsluna, verði eigi færri en 15, og þeir sækja um það til skólanefndarinnar fyrir lok maímánaðar næst á undan. Fyrir þenna 8 vikna tíma skal ekki greiddur neinn kennslueyrir fram yfir það, sem ákveðið er í 30. grein, nema svo sé, að eitthvert barn á þessum 8 vikum ljúki skólaveru sinni, af því það sé

1862.

fermt, eður af öðrum ástæðum; því þá skal greiddur kennslueyrir fyrir það barn einnig fyrir þessar 8 vikur samkvæmt þeirri grein, er nú var getið.

13. grein. Þessar menntir skulu kenndar í skólanum:

a. Trúarlærdómur.

b. Íslenzkur bóklestur.

c. Skript.

d. Reikningur; (bæði að reikna á spjaldi og í huganum).

e. Söngur.

Þar að auki má, að því leyti sem kringumstæður leyfa, veita tilsiðgn í þessum greinum: í íslenzkri málfræði og rættitun, í því að lesa skript, í föðurlandssögu og landafræði, einnig í dönsku og í fimleik. Það skal leyft að börnum, sem skortir gáfur til að nema, ekki sé kennt annað en trúarlærdómurinn og að lesa og skrifa, eptir nákvæmari ákvörðun skólanefndarinnar.

14. gr. Á ári hverju skulu haldin tvö opinber próf, annað í lok skólaársins, en hitt í vikunni fyrir jól; skal skólanefndin hlutast til um, að próf þessi séu haldin og skólastjórnin hafa eptirlit með þeim.

Eptir því, hvernig börnunum gengur í prófum þessum ákveður skólanefndin með ráði kennaranna um flutning þeirra úr einum bekk upp í annan, og hvar þau skuli eiga sæti í bekknum; um þessa niðurskipun ber að senda skólastjórninni lista ásamt með ársskýrslunni um ástand skólans (26. gr.).

15. gr. Skólakennslan hættir þegar börn eru tekin til fermingar eður á annan tilsvareandi hátt bundinn endi á trúarbragðauppfræðing þeirra ef þau hafa aðra trúarjátning. Þó skulu börnin útskrifuð úr skólanum við hið opinbera skólapróf í desembermánuði, ef þau í því prófi reynast hæf til þess, að farið sé að búa þau undir ferming, og aldur þeirra ekki er því til fyrirstöðu. Skólanefndin á að gefa skriflegt skýrteini um, hvernig próf þetta hafi gengið og um iðni og hegðan hvers barns yfirhöfuð meðan það var í skólanum.

1862.

27. októberm.

II.

Um hvernig kennarar skulu skipaðir, og um skyldur þeirra og réttindi.

16. gr. Kennarar við skólann skulu skipaðir af skólastjórninni eptir uppástungu skólanefndarinnar. Kennarar geta þeir einir orðið, sem eru orðnir tvítugir að aldri og geta orðið prestar á Íslandi, eður eru útskrifaðir úr menntunarstofnun handa skólakennurum (*Skólelærerseminarium*).

17. gr. Kennslan á að fara fram eptir áætlun, sem yfirkennarinn við skólann og dómkirkjupresturinn eiga að búa til fyrir hvert skólaár, eptir að áætlun þessi hefir verið borin undir skólanefndina og samþykkt af skólastjórninni.

18. gr. Yfirkennarinn á að fá í laun að minnsta kosti 500 ríkisdali á ári, og auk þess hafa húsnæði í skólahúsinu og eldivið handa sjálfum sér og skólanum, eður, fái hann ekki húsnæði, 60 rdl. í húsaleigustyrk á ári; undirkennarinn á að fá að minnsta kosti 250 rdl. í laun á ári auk húsnæðis og eldiviðar, eður að öðrum kosti 60 ríkisdali í húsaleigustyrk.

19. gr. Hvort veitt skuli nokkur eptirlaun nýtum kennara, er hann fer frá embætti sökum elli eður lasleika, eða hvort veitt skuli nokkurt árgjald ekkju kennara, sem hefir staðið vel í stöðu sinni þangað til hann fór frá, það skal samkvæmt tilskipun 27. nóv. 1846 24. gr. komið undir úrskurði bæjarstjórnarinnar eptir meðmælingum skólanefndarinnar í hvert skipti; en nemi slíkt gjald meiru en 20 rdl. á ári, þarf samþykki amtmanns eður hlutaðeigandi stjórnarráðs.

III.

Um umsjón skólans og stjórn á fjárhagsmálafnum hans.

20. gr. Hin eiginlega stjórn skólans skal falin á hendur nefnd manna; í henni skulu vera: dómkirkjupresturinn í Reykjavík, og skal hann vera forseti nefndarinnar, bæjarfógetinn í Reykjavík og 2 skólaforstöðumenn; skulu þeir 2 síðast töldu nefndarmenn skipaðir af bæjarfulltrúunum samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 18. gr. og eru skyldir að hafa á hendi starfa þenna í 3 ár.

1862.

21. gr. Dómkirkjupresturinn kveður nefndarmenn til funda, og skal að minnsta kosti haldinn einn fundur í hverjum mánuði. 27. októberm.

Hann ritar í gjörðabók og bréfadagbók nefndarinnar og aðrar embættisbækur hennar; svo semur hann og bréf og álitsskjöl fyrir nefndina.

22. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á því, að farið sé eptir öllu því, sem boðið er í reglugjörð þessari og skólaáætluninni, eða skólastjórnin skipar fyrir um reglu og aga í skólanum, og að út rýmt verði, svo sem framast er auðið, öllu, sem er til tálmunar velferð skólans.

23. gr. Undir eins og búið er að skipa nefndina, á hún að semja frumvarp til áætlunar um fyrirkomulag og störf skólans yfir höfuð, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; í þeirri áætlun á og að vera reikningur um tekjur og gjöld skólans. Nefndin á síðan að senda skólastjórninni áætlun þessa, og skýra um leið frá þeim atvikum og ástæðum, sem hún er byggð á; en skólastjórnin á að fá um hana álit bæjarstjórnarinnar, og þar á eptir að senda hana með álitsskjali sínu kirkju- og kennslustjórninni, til þess hún verði endurskoðuð og staðfest. Á sama hátt skal að farið, þá er síðar kynni þykja þörf á að breyta einhverju í skólaáætluninni, eptir að búið er að samþykkja hana.

24. Nefndin á þar að auki samkvæmt reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., á ári hverju fyrir lok nóvembermánaðar að senda bæjarstjórninni áætlun um þau gjöld, sem skólinn að líkindum þarf að greiða hið komanda ár, og um þau efni, sem fyrir hendi eru til gjalda þessara, án þess nokkru sé jafnað niður á gjaldþegna. Svo á hún og innan 14 daga eptir lok hvers skólaárs að gjöra reikning um tekjur og gjöld skólans hið liðna ár. Reikning þenna á gjaldkeri skólans að semja; en hann skal kosinn til 3 ára og vera einn af nefndarmönnum og kjósa þeir hann sjálfir. Gjaldkerinn á þar að auki að heimta inn kennslueyri, og borga út gjöld skólans; og ber þess vegna að ávísá honum úr bæjarsjóðnum í byrjun hvers hálfmissiris fjórðungi af skólatillögum þeim, sem jafnað hefir verið á bæjarbúa. Þegar skólareikningurinn er búinn að liggja almenningi til

1862.

27. októberm. sýnis í þinghúsi bæjarins þann tíma, sem boðið er í 24. og 25. gr. í reglugjörð þeirri, sem að ofan er nefnd, þá skal sá maður endurskoða hann, sem kosinn hefir verið til að endurskoða bæjarsjóðsreikninginn, en skólastjórnin leggja á hann úrskurð sinn; síðan skal bæjarfógetinn auglýsa ágrip af reikningi þessum, um leið og hann auglýsir ágripð af bæjarsjóðsreikningnum.

25. gr. Fyrir miðjan septembermánuð á ári hverju á dómkirkjupresturinn að leggja fram í skólanefndinni lista yfir þau börn í kaupstaðnum, sem á því ári hafa fyllt 7. aldursár, og skal í þeim lista skýrt frá, hvort þegar sè búið að taka þau inn í skólann, eður að eins hafi verið boðað, að þau ætli að koma í skólann. En sè þetta eigi svo, á nefndin að leitast við að komast að raun um, hvort barnið utan skóla fái þá uppfærðing, sem fyrirskipuð er í reglugjörð þessari, og, ef þörf er á, gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 5. grein í reglugjörð þessari.

26. gr. Við lok hvers skólaárs skal skólanefndin senda skólastjórninni skýrslu um ástand skólans yfirhöfuð.

27. gr. Í skólastjórninni skulu vera amtmaðurinn yfir suðurumdæminu og biskupinn yfir Íslandi.

28. gr. Undir skólastjórnina heyrir yfrumsjónin yfir skólanum. Hún á þar að auki að sjá um, að skólareikningurinn sè gjörður í tækan tíma, og að allir, sem einhverja sýslun hafa á hendi við skólann, leysi af hendi starfa sinn forsvaranlega, og að nákvæmlega sè farið eptir því, sem ákveðið er í þessari reglugjörð. Skólastjórnin skal eiga fund með sèr einu sinni á hverju hálfmissiri, ef ekki er nauðsyn á fleiri fundum, og ræða þar og gjöra út um öll málefni, er snerta skólann.

29. gr. Fimmta hvert ár skal skólastjórnin senda kirkju- og kennslustjórninni skýrslu um ástand skólans og athafnir síðast liðinn fimm ára tíma.

30. gr. Upphæð kennslueyrisins skal ákveðin í skólaáætluninni. Þó skal hann eigi fara fram úr 6 ríkisdöllum um árið og 80 skildingum um einstaka mánuði fyrir börn, sem eiga heima í Reykjavík, og 12 ríkisdöllum allt skólaárið og 1 rdl.

64 skild. um einstaka mánuði fyrir þau börn, sem ekki eiga 1862. heima þar í bænum. Borgunin skal greidd fyrirfram fyrir hvert 27. óktóberm. hálfmissiri; þegar búð er að greiða borgunina verður henni aldrei aptur skilað. Nú eru í skólanum á sama tíma systkini, skulu þá aðeins borgaðir $\frac{2}{3}$ af ákveðnum kennslueyri fyrir hið annað og $\frac{1}{3}$ fyrir hið þriðja; en sèu þau fleiri en 3, skal ekkert borgað fyrir þau, sem framyfir eru. Eigi skal heldur greitt neitt kennslukaup fyrir þau börn, er styrks njóta úr fátækra sjóði, eður þiggi foreldrar þeirra eður þeir, sem eiga fyrir þeim að sjá, slíkan styrk, eður sèu þeir sökum fátæktar undanþegnir bæjargjöldum þeim, sem jafnað er niður eptir efnum og ástæðum. Hírir efnaminustu af tómthúsmönnum, sem eiga fyrir börnum að sjá, en ekki er svo ástatt fyrir, sem nú var sagt, mega láta af hendi eldivið handa skólanum og kennurunum, svo sem þörf er á, í staðinn fyrir að greiða kennslukaup, eptir niðurföfnun, sem skólanefndin gjörir og skólastjórnin leggur á samþykki sitt.

31. gr. Skólanefndin á að hafa gætur á, að í skólabeckjunum sè að minnsta kosti 90 teningsfeta rúm handa hverju af börnum þeim, sem eru í skólanum í einu, að þar sèu áhöld þau, sem nauðsyn er á, og að þar sèu lopthreinsunargluggar (Ventiler). Svo á og að til búa bústað handa yfirkennaranum í skólahúsinu, og á skólanefndin að öðru leyti að hafa eptirlit með, að húsinu og húsgögnum öllum sè ávallt við haldið í tilhlýðilegu ástandi.

32. gr. Tekjur skólans eru þær, er nú skal greina:

- a. Kennslueyrir. (30. gr.).
- b. Sektir fyrir brot móti því, sem ákveðið er í reglugjörð þessari.
- c. Gjafir.
- d. Fè, er menn ánafna eptir sinn dag.
- e. Árlegt tillag úr bæjarsjóði eptir reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., smbr. opið bréf 26. septemberm. 1860,

3. gr.

IV.

Um handvinnuskólann.

33. gr. Skólanefndin á að leitast við að koma því á, að stofnaður verði handvinnuskóli handa stúlkum, einkum þeim,

1862.

27. októberm. sem eru í efsta bekk barnaskólans, þar sem þeim sé kennt að spinna og undirbúa ullina undir að hún sé spunnin, svo og að prjóna, vefa og sauma.

34. gr. Að fengnum uppástungum skólanefndarinnar og áliti bæjarstjórnarinnar, skal skólastjórnin skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar í skóla þessum, þegar hann kemst á, svo og eptir hverjum reglum börn skuli fara í skólann m. m.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna, 27. dag októberm. 1862.

D. G. Monrad.

27. októberm. **69. Instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík.**

1. gr. Kennarar skólans eiga ekki að eins vandlega að gæta alls þess, sem er skylda þeirra eptir skólareglugjörðinni og áætluninni, heldur og að öðru leyti í kristilegu líferniganga á undan hinum ungu með góðu eptirdæmi, og ávinna sér þá virðing, sem er hið eina, er getur veitt kennslunni full áhrif og fullt afl.

2. gr. Sér í lagi er það skylda yfirkenningarans að hafa á hendi hina daglegu umsjón yfir börnunum í skólanum, að sjá um, að farið sé eptir þeim reglum, sem settar hafa verið um kennsluna, og að aðstøða skólanefndina í öllu því, er getur miðað til að efla hag skólans.

3. gr. Kennararnir eiga í viðskiptum sínum við börnin að sameina mildi og alvörugefni, haga sér eptir gáfnalagi og skapferli barnanna, og leitast við að ávinna sér hylli þeirra.

4. gr. Það er ætlandi hverjum vel siðuðum manni að unna þrifnadi og leggja stund á hann; slíkt er og áriðandi vegna heilsunnar. Kennarar skólans eiga því vandlega að hafa gát á, að börnin séu þrifaleg. Verði sú raun á, að foreldrar, fjárhaldsmenn eður húsbændur séu um það sakandi, að börnin séu ósæmilega á sig komin, á kennarinn að reyna að fá þau til að hirða betur um börn sín eður hjú; en verði slíkar áminningar árangurslausar, skal hann kunngjöra það skólanefndinni, svo hún geti ákveðið, hvað gjöra skuli.